

Gunnar Þorri Þorleifsson

Áfram, áfram, áfram íslenska !

Dropar brosandí orða, fyrir þyrsta málnotendur.

Kennslubók um stórkostlegt tungumál; íslensku sem annað tungumál

1. hluti

2005

Áfram, áfram, áfram íslenska !

Tekið saman og unnið jafnhliða, við kennslu og grúsk,
á nokkrum árum, frá 1997 til 2005,
í Vestmannaeyjum, Reykjavík, á Ísafirði
og erlendis á ferðalögum.
Myndir eru víða fengnar að, og reynt að geta heimilda í hvert skipti,
annars eru þær teknar úr myndasafni í ritvinnsluforritinu.

TILRAUNAÚTGÁFA

2. prentun 2007

Kennslufni eða glærur sem finna má hér í þessari bók má sækja á alþjóðanetið á slóðinni:
<http://www.ismennt.is/not/thorri>

Efnisyfirlit

Kaflaheiti

BLAÐSÍÐUTAL

Formáli	7
I. BINGÓ.....	9
# 1 Orð í kassa 1	11
➤ 1 - LAUSN. Orð í kassa 1	12
# 2 Orð í kassa 2	13
➤ 2 - LAUSN. Orð í kassa 2	14
# 3 Orð í kassa 3	15
# 4 Orð í kassa 4	15
# 5 Orð í kassa 5	16
II. Höfuð, herðar, hné og tær.....	17
# 6 Stafaruna og skil á milli orða 1	17
# 7 Orð í kassa 6	18
➤ 6 LAUSN. Stafaruna og skil á milli orða 1	18
# 8 Orð í kassa 7	19
➤ 3 - LAUSN. Orð í kassa 3	20
➤ 4 - LAUSN. Orð í kassa 4	20
➤ 5, 7 og 8 - LAUSN. Orð í kassa 5. 6 og 7	20
➤ 5, 7 og 8 - LAUSN. Orð í kassa 5. 6 og 7	21
III. Íslenska stafrófið og framburður	22
# 9 Hvernig er nafn þitt stafsett?	22
# 10 Símtal	28
# 11 Framburður hljóða. Æfingar.....	28
# 12 Mælt mál. Prófaðu að segja.....	29
IV. Sofðu unga ástin mín	29
# 13 Æfing. Íslenskir bókstafir.....	30
# 14 Framburður hljóðasambanda. Æfingar	30
# 15 Auðveldari íslensk hljóð	31
# 16 Orðapúsl 1	31
➤ 13 - LAUSN. Skrifa og lesa orð með íslenskum bókstöfum	32
➤ 14. - LAUSN. Framburður hljóðasambanda.	32
# 17 Orðapúsl 2.....	32
V. Tölustafir	33
# 18 Kennitala	33
# 19. verkefni. Hvaða tölustafir eru þetta?	35
➤ 16 og 17 - LAUSN. Setningapúsl 1 og 2	35
VI. Klukkan	36
# 20 Hvað er klukkan?	36
# 21 Orð í kassa 8	37
# 22 Orðaleikur.....	37
➤ 19 - LAUSN:	38
➤ 20 - LAUSN:	38
➤ 22 - LAUSN. ORÐALEIKUR	38
# 23 Orð í kassa 9.....	39

	# 24 Stafaruna og orð 2.....	39
	➤ 21 og 23 - LAUSN. Orð í kassa 8 og 9	40
VII.	Peningar.....	41
	# 25. verkefni. Peningar	41
	➤ 24 - Lausn. Stafaruna og orð.....	42
	➤ 25 - LAUSN. Peningar	42
VIII.	Andheiti.....	42
	# 26 Orð í kassa 10.....	43
IX.	Margræð orð	44
	➤ 26 - LAUSN. Orð í kassa 10	45
	# 27 Tjáning með hreyfingu	45
X.	Samheiti	46
	# 28 Samheiti og andheiti	47
	# 29. verkefni. Andheiti.....	48
	# 30 Orðapúsl 3	49
	# 31 Finndu andstæður orðanna	49
	➤ 28 - LAUSN. Samheiti og andheiti	50
	➤ 29 - LAUSN. Andheiti.....	50
	# 32. verkefni. SAMHEITI. Jákvæð + og neikvæð ÷ orð.....	51
	➤ 30 - LAUSN. Orðapúsl 3	51
	➤ 32 - LAUSN. Samheiti	52
	# 33. æfing. Andheiti	52
	# 34 Samheiti = eða $\equiv$ og andheiti $\neq$	53
	➤ 34 - LAUSN. Samheiti = eða $\equiv$ og andheiti $\neq$	54
	# 35 Orðapúsl 4	54
	# 36 Finndu samheiti	55
	# 37 Finndu andheiti	55
	➤ 36 og 37 - LAUSN	56
	# 38 Andheiti. Tengdu saman andheitin.....	56
	# 39 Samheiti. Tengdu saman samheitin.....	56
	➤ 35 - LAUSN. Orðapúsl 4	56
XI.	Framburður á íslenskum orðum og hljóðum.....	57
	➤ 40 a) - Símsvari	57
	➤ 40 b) - Atvinnuauglýsingar	57
	➤ 40 c) - Úr kvikmyndinni Börn náttúrunnar.....	57
	➤ 38 - LAUSN. Andheiti.....	58
	➤ 39 - LAUSN. Samheiti.....	58
	# 40 a) Verkefni. Símsvari	58
	# 40 b) Atvinnuauglýsingar.....	59
	# 40 c) Úr kvikmyndinni Börn náttúrunnar	59
	# 41 Krossgáta. Andheiti (1)	60
XII.	Persónufornöfn.....	61
	# 42 Persóna + fornöfn = persónufornöfn	64
	➤ 41 - LAUSN. KROSSGÁTA 1.....	65
	# 43 Orðapúsl 5	65
	➤ 42 - LAUSN. Persóna + fornöfn = persónufornöfn.....	66
	➤ 43 - LAUSN. Orðapúsl 6	66

	# 44 Ljúktu við þessa fallbeygingu	66
	# 45 Veldu rétt persónufornafn	67
	➤ 45 - LAUSN. Rétt persónufornafn	68
	# 46 Orðapúsl 7	68
XIII.	Í skóla, kennslustofu og spurningar	69
XIV.	Algeng sagnorð	71
	➤ 46 - LAUSN. Setningapúsl 7	71
	# 47 Krossgáta - S a g n i r (2)	72
	# 48 Krossgáta um lífið (3)	73
	➤ LAUSN - 47 Krossgáta - sagnir 2	74
	➤ LAUSN - 48 Krossgáta um lífið 3	74
	# 49 Skrifaðu sagnorð sem vantar	75
	# 50 Orðasúpa 1	78
	# 51 Setningapúsl 8	78
	# 52 Orðasúpa 2	79
	➤ 49 - LAUSN. Dæmi um notkun á sagnorðum.	80
	➤ 50 - LAUSN. Orðasúpa 1	80
	# 53. verkefni. Strikaðu undir sagnorð	81
	# 54 Orðapúsl 9	81
	# 55 Orðapúsl 10	82
XV.	Í skólanum	83
	# 56 Krossaspurningar 1	83
XVI.	Nöfn á Íslandi í dag	84
	# 57 Krossaspurningar 2	84
	# 58 Spurningar um nöfn á Íslandi í dag	85
	# 59 Vinna = starf og starfsheiti	85
	➤ 51, 54 og 55 - LAUSN. Orðapúsl 8, 9 og 10	86
	➤ 52 - LAUSN. Orðasúpa 2	86
	➤ 53 - LAUSN. Strikað undir sagnorð	86
	➤ 56 - LAUSN. Krossaspurningar 1	86
XVII.	Ákveðinn og óákveðinn greinir	87
	# 60 Orðapúsl 11	89
	# 61. verkefni. Ákveðinn greinir, eintala	90
	# 62. verkefni. Ákveðinn greinir, fleirtala	90
	# 63 Finnið ákveðinn greinir	91
	➤ 57 - LAUSN. Krossaspurningar 2	92
	➤ 58 - LAUSN. Nöfn á Íslandi í dag	92
	➤ 59 - LAUSN. Vinna = starf og starfsheiti	92
	➤ 60 - LAUSN. Orðapúsl 11	92
	➤ 61 - LAUSN. Ákveðinn greinir, eintala	92
	➤ 62 - LAUSN. Ákveðinn greinir, fleirtala	92
	# 64 Ákveðinn greinir á nafnorð	93
	# 65 Umskrifaðu	93
	# 66 Orðapúsl 12	94
XVIII.	Daglegt mál	95
	# 67 Spurningar um vikudaga	97
	➤ 63 - LAUSN. Ákveðni greinirinn	98

	➤ 64 - LAUSN. Ákveðinn greini á nafnorð.....	98
	➤ 65 - LAUSN. Umskrifaðu	98
	➤ 66 - LAUSN. Orðapúsl 12.....	98
#	68 Orð í kassa 11	99
#	69 Stafaruna og orð 3	99
	➤ 67 - LAUSN. Spurningar um vikudaga?.....	100
	➤ 68 - LAUSN. Rétt orð í kassa 11	100
	➤ 69 - LAUSN. Stafa- og orðaruna 3	100
#	70 Svaraðu spurningum um daga á Íslandi	101
#	71 Orðapúsl 13.....	102
	➤ 70 - LAUSN. Um daga.....	102
XIX.	Spáðu í mig.....	102
XX.	Menningarfærni.....	103
XXI.	Um lýsingarorð.....	103
XXII.	Hvað, spurningar?	104
#	72 Spurningar, verkefni = æfing 1	107
#	73. verkefni. Spurningar 2	108
#	74 Spurningar 3	109
XXIII.	Dagbókin mín	110
#	75 Krossaspurningar 3.....	110
#	76 Spurningar um dagbókina mína	111
	➤ 71 - LAUSN. Orðapúsl 13	112
	➤ 72 - LAUSN. Spurningar 1.....	112
	➤ 73 - LAUSN. Spurningar 2	112
	➤ 74 - LAUSN. Spurningar 3	112
	➤ 75 - LAUSN. Krossaspurningar 3.....	113
	➤ 76 - LAUSN. Um dagbókina mína	113
XXIV.	Erfið hljóð í íslensku	113
XXV.	Bók í hönd	114
#	77 Orðapúsl 14.....	114
XXVI.	Pínu þons meira um sagnorð	115
#	78. verkefni. Um sagnorð = sagnir	116
	➤ 77 - LAUSN. Orðapúsl 14.....	116
XXVII.	Samtal og brandarar	117
#	79 Krossaspurningar 4.....	117
XXVIII.	Svona er Ísland í dag	118
#	80. verkefni. Lýsingarorð.....	119
	➤ 78 - LAUSN. Um sagnorð = sagnir.....	120
	➤ 79 - LAUSN. Krossaspurningar 4.....	120
	➤ 80 - LAUSN. Lýsingarorð.....	120
XXIX.	Kvenmannslaus	120
XXX.	HEIMILDA- og ÍTAREFNISSKRÁ.....	121

Formáli

Um þetta kennslu- og námsefni, til kennara og leiðbeinenda

Hér er að finna fjölbreytilegt efni; málfræði, orðaforðaverkefni, orðabókarverkefni, leiki, bókmenntir, tónlist eða söng, myndir og orð, margvíslegar framburðaræfingar, setningamyndun, þrautir, hópefli, kennsluleiðbeiningar, menningarfærni, um menningararf Íslendinga og fleiri, hagnýt verkefni fyrir atvinnumarkað á Íslandi og margt annað, sem hugsað er sem bæði glærusýningar fyrir kennara og æfingar fyrir nemana, því þessu efni fylgir tölvutækt efni; kennsluefni, sem finna má á netslóð (sjá síðu 2). Þetta er vonandi lyklakippa að íslensku máli, því úrvalið er vonandi öðruvísi en í öðrum kennslubókum fyrir landnema á Íslandi og hægt að vinna með það á ólíka vegu, margbreytilegan hátt og fjölbreytileiki er þar mikilvægastur, því verkefni eru efnismikil og krefjandi, en langoftast auðveld. Landnemarnir á Íslandi koma til með að þurfa að læra meira og betur íslensku í fjölmörgum greinum og fögum, með tilheyrandi stuðningi fagaðila, eins og rafmagnsfræði, viðskiptafræði, efnifræði, stærðfræði, verkfræði, félagsfræði og fleiri fög, þar sem kennsluefni er að mestu á íslensku tungumáli. Þessu kennsluefni er ætlað að brjóta ísinn inn í okkar svala, ylhýra og ástkæra tungumál; íslenskuna og fjölbjóðlega menningarsamfélagið okkar hér á landi. Til þess þarf áhugi, hugrekki, metnaður og kjarkur að vera til staðar hjá nemanum, kennaranum og menntamálayfirvöldum.

Já, og það er auðvitað mikilvægt að nemarnir fái að sjá dæmigert kennsluefni og miða nám sitt við það. Kennarar luma síðan á ýmsu öðru inni í sínum skáp, og koma síðan útúr skápnum með það í kennslutímum. Þetta efni er sótt víða að, en reynt er að geta heimilda eftir fremsta megni, en það á líka að sýna og sanna að landnemar frá margbreytilegum þjóðlöndum ryðja veginn og fara oft ótroðnar slóðir um eyðilendur veruleikans í leit að því sem þegar er til staðar hér á landi og hungur í þekkingu, eins og við öll gerum í lífinu. Þetta efni hér á að skapa farveg dropa eða orða, sem yrði síðan buna eða lækur, á stórflyót og stöðuvatn orðaforðans sem rynni til sjávar inn í tungumálalahafið. Til þess að ná árangri í tungumálanámi þarf að sinna náminu reglulega og oft í hverri viku, stunda það vel á margvíslegan hátt, helst frá öllum hliðum, heildstætt í samhengi við lífið, nám, vinnu, tómstundir, menningu, málfræði, bókmenntir, tjáningu, með víðsýni og umburðarlyndi að leiðarljósi. Bestur árangur næst með hjálp kennara og ástundun nemans svo til hvern dag eða meirihluta vikunnar, sem oftast sem sagt og reglulega.



Þetta efni byrjar á grundvallaratriðum fyrir byrjendur, en einnig þá sem þurfa á því að halda að ná betri tökum á framburði og orðaforða; þar eð íslenska stafrófinu og síðan framburðaræfingum í framhaldi af því á einstökum hljóðum og orðum. Enda heitir bókin áfram íslenska, sem felur í sér að halda skuli áfram og áfram að læra íslensku. Ekki má ætlast til of mikils á fyrstu stigum námsins. Við höfum jú tvö eyru, en einn munn og þess vegna er mikilvægt að nota eyrun meira en munninn. Það merkir samt ekki það að við ættum að vera nísk á okkar þekkingu, þegja of mikið eða luma á okkar þekkingu. Vegna þess að, ef við værum hrædd við að láta ljós okkar skína eða stíl okkar við að tjá okkur í samfélaginu, væri þetta þá ekki allt til einskis? Reyndar er leikur það fyrsta hér, sem er bingó, fyrir hópefli, svo fljótlega æfingar í að setja rétt orð inn á yfirlitsmynd um ákveðið efni, eins og líkama eða umhverfi. Svo verða fleiri leikir síðar einnig, með spilum, samtölum, símtölum eða skemmtilegu efni, orðasúpum, orðarunum, orðapúslu, leikræn tæning og fleira, sem kemur sjálfsagt líka einhvern tímann upp í daglegu lífi. Efnið verður erfiðara og erfiðara eftir því sem lengra er komið í bókinni og fleiri verkefni unnin, en verkefni eru um það bil 100, ef allt er talið, bæði framburðaræfingar og annað. Þetta námsefni er ekki eingöngu hugsað fyrir byrjendur, þótt það sé auðvelt í byrjun, en mjög hefur skort námsefni á þessu sviði í mörg ár, fyrir nema sem kunna eitthvað í íslensku sem erlendu máli, en vilja læra meira, en vantar ofan á þann grunn meiri orðaforða og verkefni við hæfi. Þær æfingar og leiðbeiningar, sem hér er að finna, eiga að gefa tóninn, hvert hægt er að stefna með svona kennslu út frá minni reynslu. Enda er lykillinn að svona bók áhugi á íslensku tungumáli, og kennsluefni á þeim nótum, með leiðbeiningum við málfræðina á erlendum málum eins og pólsku, norðurlandamálum, tælensku, kínversku, ensku, þýsku, víetnömsku, frönsku, tagalog, rússnesku, bisaya, spænsku og fleiri málum, sem ætlunin er að verði að veruleika þegar tölvudiskurinn mun koma út, þegar síðari hlutar verða tilbúnir til útgáfu. Tölvudiskur mun verða með upplestri á lestextanum, samtölum, framburðaræfingum, kennsluleiðbeiningum um námsmat á mæltu íslensku máli og þýðingar verða á móðurmáli nemans.

Það fylgja svör og lausnir hér í þessu námsefni við flestöllum verkefnum, strax á næstu síðum á eftir. Þetta er skipulagt þannig að verkefni eru oftast á oddatölusíðum, en lausnir á sléttum tölum þannig að það þarf alltaf að fletta til að sjá lausnina, eða nokkrum síðum síðar. Það reynir aðeins á skammtímaminni, skyndiminni að þurfa að fletta, svo vonandi festist það í langtímaminni. Lausnirnar eru ekki alltaf alveg tæmandi, það geta verið fleiri rétt svör eða mörg rétt svör og einungis nokkur svör eru þá gefin. Við opnum spurningum eru reyndar ekki alltaf gefin nein svör, en þá eru oftast gefin dæmi um svör til leiðbeiningar. Stundum, en sjaldan, er lausnin jafnvel á undan, þá skiptir miklu máli að vera búinn að fara yfir kennsluefnið til að gera æfingar rétt. Æfingar skapa meistara! Þeir sem reyna að læra námsefnið reyna auðvitað að leysa verkefni fyrst og síðan að leiðrétta þau, með því að athuga rétt svör í lausninni og leiðrétta sínar eigin villur. Kennari/ar geta síðan gengið úr skugga um hvort það hafi verið unnið samviskusamlega með þetta efni og séð hvort nemi ráði við allt saman. Við mörg verkefni eru kassar neðst á síðunum, sem merkja má í hversu vel tekst til við að leysa verkefni. Rétt svar og lausn er verðlaun fyrir þá sem lítið kunna í tungumálinu, og því er mikilvægt að nemi uppgötvu það upp á eigin spýtur þegar vel tekst til og hversu vel tekst til, þess vegna eru lausnir og svör, hér í bókinni og kassarnir neðst á síðunum til að merkja og segja til um hve mikið er rétt, þegar rýnt er í það, sem er mjög stór hluti námsins. Endurtekningar, margbreytilegar æfingar og verkefni eru notuð hér markvisst. Ekki má vanmeta hæfileika og getu nemans, frekar að hvetja alla til að vinna sjálfstætt, sem vel er hægt að gera í þessu námsefni, en þegar farið er yfir kennsluefnið er mikilvægt að notfæra sér aðra höflega, jafningja og ekki jafningja, kennara, leiðbeinendur, námsráðgjafa, samnemendur, stuðningsaðila í skóla og samfélaginu, því þar eru margir sem greiða götuna, en nota spurningar sem mest. Veröldin er búin til úr spurningum og svörum.

Ætlunin er að fá þýðingu á leiðbeiningum, við flest verkefni, á framburðaræfingum og lestexta (samtöl og orðatiltæki) á sem flest tungumál á móðurmáli flestra nemenda, því að þetta námsefni miðast við og hefur verið notað fyrir nema sem hafa lært íslensku sem erlentu tungumál, annað, þriðja eða síðara mál, og vilja læra meira; en hafa haft mismunandi rætur í tungumálalahafi veraldarinnar og þá skiptir móðurmálið mikilvægu hlutverki til lærdóms á erlendu máli, eins og til dæmis íslensku, rétt eins og þegar Íslendingar læra erlentu tungumál, sem eru fjölmörg með íslensku. Tungumálalahafið er óþrjótandi brunnur fyrir tjáningu okkar, ánægjulega tjáningu, skapandi og frjósama, sem reynt er að setja hér fram og vekur vonandi upp íslenska tungumálið með þyrstum málnotendum, þegar tekist er á við að smakka þessa dropa brosandis orða, með því að nota alla mögulega tjáningu líkamans, tilfinninganna og hugarins.



1. HLUTI

Meðal efnis, gróft yfirlit:

1. Leikir, bingó, setja rétt orð í rétta kassa
2. Stafróf, framburður hljóða, orða og setninga á íslensku
3. Tölur, raðtölur, litlar og stórar tölur. Kennitala. Hvað er klukkan? Peningar
4. Líkami, föt, heimili, vinna og umhverfi, **margræð orð**, **andheiti** og **samheiti**
5. Persónufornöfn. Fjölbreyttar æfingar. Orðaleikir og æfingar með setningar
6. Tjáning í skóla, frasar, orðasambönd og spurningar. Algeng sagnorð
7. Ákveðinn greinir. Margar æfingar, orðaleikir, orðasúpur, orðapúsl og orðarunur
8. Sagnir, nafnorð og lýsingarorð. Ýmis verkefni
9. Sagnorð og spurningar. Margvíslegar æfingar





Áfram, áfram, áfram íslenska !



Dropar brosandí orða,
 handa þyrstum málnotendum.
 Vonandi alþjóðleg kennslubók,
 með kennsluefni á tölvudiski um stórkostlegt tungumál;
íslenska sem erlent tungumál

HÖFUNDUR:
 GUNNAR ÞORRI framhaldsskólakennari.

Tekið saman og unnið jafnhliða, við kennslu og grúsk,
 á nokkrum árum, frá 1997 til 2005,
 í Vestmannaeyjum, Reykjavík, á Ísafirði
 og erlendis á ferðalögum.

I. BINGÓ

Finnið fólk sem myndirnar eiga við í ykkar hópi, og fáið nafnið þeirra á þetta blað, sá fyrsti sem fær undirskrift á allar línur, við allar myndir, vinnur og kallar BINGÓ!:

Einhver sem á bíl?



NAFN/SKRIFA

SKRIFA

Einhver sem á klukku/úr?



NAFN/SKRIFA

MITT

NAFN:

Einhver sem er í svörtum sokkum?



NAFN/SKRIFA

Einhver sem á möppu?



NAFN/SKRIFA

Einhver sem er með bók (bækur)?




NAFN/SKRIFA

Einhver sem á barn (börn)?



NAFN/SKRIFA

Einhver sem er í úlpu
eða jakka?



NAFN/SKRIFA

Einhver sem er með
hring á fingri?



NAFN/SKRIFA



Einhver sem spilar
á hljóðfæri?



NAFN/SKRIFA

Einhver sem á
penna?



NAFN/SKRIFA

Spurðu næsta mann:

Hvað er klukkan?

Ertu á bíl? Áttu bíl?

Áttu penna?

Áttu barn? Ertu pabbi? Ertu mamma?

Áttu hljóðfæri? Spilar þú á hljóðfæri?

Áttu hring? Ertu gift? Ertu kvæntur/giftur?

Ertu í jakka? Komstu í úlpu?

Ertu í svörtum sokkum?

Áttu möppu? Áttu bók? Ertu með kennslubók? Komstu með námsbók?

HVER VANN?

EIGINHANDARÁRITUN:


1 Orð í kassa 1

Settu réttu orðin inn í rétta kassann:

efri hæð	ský	neðri hæð	svalir	jarðhæð	sjór
blokk þak	gras	einbýlishús	garður	fjall	tré
bílskúr	bíll	gata	gangstétt	himinn	eyja
umferðarljós	gatnamót	raðhús	strætó	skip	




SKRIFA




____ Rétt ____ Rangt

➤ 1 - LAUSN. Orð í kassa 1



Þessar myndir eru úr bók eftir: Auði Einarisdóttur, Guðrúnu Theodórsdóttur, Maríu Garðarsdóttur og Sigríði Þorvarðardóttur (2002.) *Learning Icelandic*. (Teikningar Margrét E. Laxness.)

2 Orð í kassa 2



SKRIFA



Settu réttu orðin inn í rétta kassann

rúm	motta	skrifborð	speggill	sturta
vaskur	flísar	baðker	klósett	
geymsla	stígvél	hjól	ljós	bókahilla
þvottavél	þurrkari	ísskápur	gluggi	
eldavél	snúra	þvottur	stigi	kommóða
náttborð	mynd	sófi	teppi	sjónvarp

Rétt

Rangt

➤ 2 - LAUSN. Orð í kassa 2



Þessi mynd er úr bók eftir: Auði Einarsdóttur, Guðrúnu Theodórsdóttur, Maríu Garðarsdóttur og Sigríði Þorvarðardóttur (2002.) *Learning Icelandic*.
(Teikningar Margrét F. Laxness.)

Gott er að nota sjálflímandi gula miða til að merkja hluti í íbúð, heima eða í skólastofunni og kennari getur látið nemana merkja hluti í stofunni með gulum miðum. Það er skemmtilegur leikur.

Það skiptir miklu máli að allir fái þá miða til að nota. Til dæmis 5 gula miða eða fleira.

Og þá er gott fyrir kennara og nemana að skrifa þau orð sem hægt er að nota á kennslutöfluna. Til dæmis:


borð	stóll	teppi	hurð	bók	penni
ljós	gluggi	rúða	dúkur	kennaraborð	tölva
dyr	blýantur	mynd	bókahilla		



3 Orð í kassa 3

Settu réttu orðin inn í rétta kassann:

lófi fingur nögl hnúi þumall úlnliður
putti/puttar baugfingur langatöng vísifingur litli putti



4 Orð í kassa 4

Settu réttu orðin inn í rétta kassann:

enni eyra augabrún auga augnhár nef
hár nös munnur tennur kinn vör haka

Allt um mig

Andlitið



_____ Rétt	_____ Rangt
_____ Rétt	_____ Rangt

5 Orð í kassa 5

Settu réttu orðin inn í rétta kassann:

höfuð	bringa	andlit	bringa	öxl	háls	
bak	handleggur	olnbogi	magi	nafli	mjöðmtær	
hné	rass	fótleggur	ökli	hæll	hönd	fótur



II. Höfuð, herðar, hné og tær

Hlustaðu á, lestu ljóðið, prófaðu að syngja og dansa, æfðu framburð

Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær

Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.
Hnakki, kinnar, haka, háls,
haka, háls.

Hnakki, kinnar, haka, háls,
haka, háls.

Bringa, magi, bak og rass.
Hnakki, kinnar, haka, háls,
haka, háls.



Gott er koma með mikið af fötum í kennslustofuna og láta alla nemana koma upp að kennslutöflu og velja föt (til dæmis fjórar eða fimm flíkur) og segja hvaða flíkin heitir. Þetta er skemmtilegur leikur, með skemmtilegum nemum. Það má líka skrifa þau orð sem um ræðir á töfluna og nota síðan þessa vísu og syngja. Og einnig má endurtaka leikinn og þá með því að segja fyrir hvaða líkamshluta viðkomandi föt eru?



6 Stafaruna og skil á milli orða 1

Lestu stafarununa, settu strik á milli orða og skrifaðu orðin á línurnar fyrir neðan:
Eins og í fyrsta setningu:

„Góðandaginn“, „Égheiti Iwona“, „Hvað segir þú gott í dag?“, „Getur þú sagt mér hvar klósettið er?“, „Hvað sagðirðu?“, „Viltu talahægt og rólega?“, „Viltu endurtaka?“

7 Orð í kassa 6

Settu réttu orðin inn í rétta kassann:

borða

lesa

drekka

telja

lyfta

gráta

horfa

faðma

sópa

ýta

gefa

piggja

draga



Orð um athafnir



að



að





að



að



að




að




að

að



að



að



að

➤ 6 LAUSN. Stafaruna og skil á milli orða 1

„Góðan daginn.“ „Ég heiti Iwona.“ „Hvað segir þú gott í dag?“ „Geturðu sagt mér hvar klósettið er?“ „Hvað sagðirðu?“ „Viltu tala hægt og rólega?“ „Viltu endurtaka?“

_____ Rétt

_____ Rangt

8 Orð í kassa 7




Settu réttu orðin inn í rétta kassann:

kalla tala hlusta sitja hvísla benda
standa kyssa hlæja brosa sofa liggja
hlaupa ganga bera skríða



_____ Rétt _____ Rangt

➤ 3 - LAUSN. Orð í kassa 3




➤ 4 - LAUSN. Orð í kassa 4


Þetta efni er að mestu fengið úr bók eftir Angela Wilkes. (1992.) Fyrsta orðabókin. (Ljósmyndir: Dave King og Tim Ridley, teikningar: Pat Thorne)

Allt um mig

Andlitið



Þessar myndir eru úr bók eftir Angela Wilkes. (1992.) Fyrsta orðabókin.
(Ljósmyndir: Dave King og Tim Ridley,
teikningar: Pat Thorne)



Orð um athafnir



Glæra

1

III. Íslenska stafrófið og framburður



Hér skiptir miklu máli að notast við tunguna og þjálf, æfa framburð á þessum hljóðum sem talað er um. Hvað þýðir orðið „innflytjendur“? Samsett úr:inn + flyt(ja) + end + ur

Glæra

2

2
Bókstafir
GUNNAR ÞORRI

- Í íslenska stafrófinu eru 32 bókstafir (36, ef 4 erlendir bókstafir eru taldir með):
- 13 bókstafir tákna sérhljóð: *a, á, e, i, í, o, ó, u, ú, y, ý, æ, ö* (auk þeirra tvíhljóðin *au, ei, ey*)
- Bókstafurinn *é* stendur fyrir samhljóðið *j* og sérhljóðið *e* = *je*
- 18 bókstafir tákna samhljóð: *b, (c), d, ð, f, g, h, j, k, l, m, n, p, (q), r, s, t, v, (w), x, (z), þ*

B,b = bé	F,f = eff	K,k = ká	P,p = pé	T,t = té	Þ,þ = þörn
C,c = sé	G,g = ge	L,l = ell	Q,q = kú	V,v = vaff	
D,d = dé	H,h = há	M,m = emm	R,r = err	W,w = tvöfalt vaff	
Ð,ð = eð	J,j = joð	N,n = enn	S,s = ess	Z,z = seta	

Nöfn bókstafa, það skiptir máli að segja bæði nöfnin og bera bókstafina rétt fram, en samhljóðar eru bornir fram öðruvísi en sérhljóð, þ.e. þeir heita ekki það sama og framburður þeirra segir til um, eins og er um sérhljóð og é. Mikilvægt er að geta sagt hvað stafirnir heita í nöfnum okkar, sérstaklega ef við heitum framandi nöfnum með annarri stafsetningu en venja er fyrir. Reyndar er sérhljóðum sameiginlegt og sumum samhljóðum að vera rödduð hljóð, þ.e. að barkarkýli í hálsi titrar þegar sérhljóð eru sögð og sum samhljóð. Mörg samhljóð eru mynduð í gómnum og munninum, á öðrum stöðum en sérhljóð og eru samsett hljóð (sjá næstu glærur.)

9 Hvernig er nafn þitt stafsett?

Til dæmis: Jón = joð ó enn

Hvernig er þitt nafn stafsett? (skrifaðu hvað stafirnir heita)

3

Sérhljóð


GUNNAR ÞORRI

➤ Íslenskan hefur 10 bókstafi fyrir 8 einhljóð:

➤ *A a, E e, I i, Í í, O o, U u, Ú ú, Y y, Ý ý, Ö ö*

➤ Dæmi:

➤ api, hafa, banna	➤ yfir, ylur, ys, yss
➤ lestur, segja	➤ ýta, ýlfur, ýsa
➤ inni, bið	➤ tölva, ör, svöng
➤ fífl, bíða, bíta	
➤ oft, svona, regnbogi	
➤ fundur, muna, tungl	
➤ fúll, þú, Úa	



Sérhljóðin i og í hafa sama framburð og y og ý, þess vegna eru bókstafirnir fleiri en hljóðin.

Ö er sjaldgæfur stafur í öðrum tungumálum, en Í, Ý og Ú er það líka.

Mikilvægt að æfa þessi hljóð.

4

Tvíhljóð

GUNNAR ÞORRI

➤ Tvíhljóðin hafa 7 ⁽¹⁰⁾ bókstafi (6 ⁽⁹⁾ hljóð):

Nokkur þeirra eru fátíð í öðrum evrópumálum

➤ *AU au, Á á, É é, EI ei* (stundum ritað *EY ey*), *Ó ó* og *Æ æ*,

➤ (Auk þess tvíhljóðast sérhljóðin *e, o* og *ö* þegar þau eru borin fram löng)

➤ Dæmi:

➤ austur, þau, auðvitað	➤ æst(ur), færa, æfa, æði, ævi, ætla
➤ ást, ás, ráða	➤ lesa, segir, drengur, lengi
➤ ég, éta, él	➤ oft, opna, ostur
➤ einn, meira	➤ örn, tölva, ör
➤ geyma, geymdi, gleyma, gleymdi, eyja	
➤ fólk, bók, ósk, ótrúlegt	



Hér er það ei og ey sem hafa sama framburð. Þess vegna eru bókstafirnir fleiri en hljóðin.

Á á - Ð ð - É é - Í í - Ó ó - Ú ú - Ý ý - Þ þ - Æ æ - Ö ö - Au

eru sérstakir íslenskir stafir sem tíðkast sjaldan í öðrum tungumálum. (Það er algjört aukaatriði að sérhljóðin *e, o* og *ö* eru tvíhljóð, þegar þau eru borin fram löng. Þannig að í raun má segja að tvíhljóðin séu 6 og 7 bókstafir.)

En það heyrir að *e, o* og *ö* eru lengri, vegna þess að dvalið er lengur við hljóðið þegar orðin eru sögð, eins og orðin: opna, ostur segir, drengur og örn, tölva. En það heyrir eima af öðrum hljóðum og þess vegna eru þessi hljóð tvíhljóð, eins og *ei* í segir og drengur og *u* í ostur og *a* í tölva og þess vegna segja margir talva.

5 Samhljóð GUNNAR ÞORRI

➤ Íslenskan hefur 18 bókstafi samhljóða (29 hljóð):

➤ *b, d, ð, f, g, h, j, k, l, m, n, p, r, s, t, v, x, þ*

➤ Tvö samhljóð eru fátíð í öðrum evrópumálum

➤ Dæmi: 

➤ núna, kenna, vanta, banki

➤ pottur, api, teppi

➤ rós, kerra, hrædd

➤ stór, kyssa, hissa

➤ tala, sitja, tunna, hita

➤ gata, sorg, regla, rigna, segja, saga

➤ hata, hvað, hjón, herra

➤ vondur, veður

➤ strax, vaxa

➤ jól, eyja

➤ kóngur, loksins, takk, þakka, taka

➤ þak, maraþon,

➤ lífa, allir, stelpa, piltur, hlaupa, öll

➤ íþrótt, þau

➤ mús, amma, mamma, svampur



http://www2.hu-berlin.de/bragi/b0/b0_framburður.htm
http://www2.hu-berlin.de/bragi/b5/b5stafir_og_hljod.htm#a
<http://www2.hu-berlin.de/bragi/index.htm>



Ð og Þ eru sérstakir

íslenskir stafir!

Samhljóðar eru ekki

alltaf eins í framburði.

Það fer mikið eftir tón og

merkingu, hvernig

framburður þeirra er.

Einnig skiptir máli hvort

tvöfaldur samhljóði er

skrifaður eða einfaldur.

Helsta heimildin við gerð

þessarar sýningar voru

vefsíður á þessum

slóðum:

Bragi. 18. september 2002.

6 ÍSLENSKIR STAFIR GUNNAR ÞORRI

Hvaða bókstafir eru alveg sér íslenskir?

❖ Á á [ouw]	Úr
❖ Ð ð [th] (aðregið = mjúkt)	Ás
❖ É é [ye]	Ýmir
❖ Í í [ee]	Eða
❖ Ó ó [oh]	Þorri
❖ Ú ú [oo]	Ég
❖ Ý ý [ee]	Æsir
❖ Þ þ [th] (fráblásið = hart)	Ís
❖ Æ æ [aye]	Ör
❖ Ö ö [u]	Óp
❖ Au [uau]	Ausa

Þetta eru sérstakir íslenskir stafir sem tíðkast sjaldan í öðrum tungumálum.

FRAMBURÐUR:

[ouw]

[th] (mjúkt)

[ye]

[ee]

[oh]

[oo]

[ee]

[th] (hart)

[aye]

[u]


[uau]

Þessi hljóð þarf að æfa

vel og oft. Sjá æfingar

og verkefni á næstu

síðum.




7

Talfæri

© Gunnar Þorri

Tunga og munnur




Tala og syngja



Talfærin eru mjög flókin (við notum líka lungu og maga)

- raddbönd
- háls
- gómur
- tunga
- varir (munnur)
- nef
- tennur





© Gunnar Þorri

Hér eru myndir teknar úr bókinni:

Sölvi Sveinsson. 2001. *Íslensk*

málsaga. Íðunn, Reykjavík.

8

Hvar verða hljóðin til í munni

© Gunnar Þorri

í
ú

i


u

e





ö

a

o



A verður til lengst ofan í maga eða hálsi, en í og ú verða til framarlega í munni. Önnur hljóð verða til þar á milli.



9 Hvar verða hljóðin til í munni?

GUNNAR ÞORRI

í (ý) i (y) e é ei (ey) æ

á au

gleiður munnur

kringdur munnur

á au

kringdur munnur

Koss munnur

Tungan fremst

Tunga aftarlega í munni

g k j

n d t l s r þ ð x

Tungan til baka

Munnur lokaður

lokaðar varir

m b p v f

A myndast lengst ofan í maga eða í hálsi. Hér eru hljóðin kringd og ókringd (varirnar kringlóttar), og myndast á misjöfnum stöðum í háls og munn og víðar... Þessar myndir eru fengnar í: Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir. (2002). *Íslenska: Lykill að starfinu. Námsefni fyrir erlent starfsfólk í heilbrigðisþjónustu.*

10 Hvernig verða samhljóð til?

GUNNAR ÞORRI

	Varahljóð	Tannhljóð	Gómhjóð
Lokhljóð	p, b	t, d	g, k
Önghljóð	f, v	þ, ð, s	j
Nefhljóð	m	n	
Sveifluhljóð		r	
Hliðarhljóð		l	
Öndunarhljóð			h

Úr bókinni: Sölvi Sveinsson. 2001. *Íslensk málsaga*. Iðunn, Reykjavík.

Lokhljóð eru mynduð með því að loka munn og opna aftur. Önghljóð er mynduð með því að loka næstum því munn, en ekki alveg. Nefhljóð er ekki hægt að segja með því að halda fyrir nefið, prófaðu bara að segja m-hljóðið eða n-hljóðið með því að halda fyrir nefið. Sveifluhljóð er myndað með því að sveifla tungunni hratt! Hliðarhljóð myndast í hlið munnsins, sérstaklega hart ell, sem er nýlegt í íslensku máli. Öndunarhljóð er hljóð sem erfitt er að staðsetja einhversstaðar sérstaklega og heyrir varla, eins og H (en h er oft borið fram sem gómhjóð, sérstaklega hart H, sem er borið fram sem KV).



Mismunandi áhersla

GUNNAR ÞORRI

- ✓ Í íslensku er áhersla alltaf fremst í venjulegu tali, þegar við fullyrðum eitthvað
- ✓ Það breytist ef við viljum segja annað, spurja eða grínast

Dæmi:

Mismunandi hljómfall: Finnst þér þetta ekki fallegt!

Finnst þér þetta ekki fallegt?

Í fyrra tilvikinu er sýnt aðdáunarhljómfall, í því seinna er undrun og spurn.

© Gunnar Þorri

Þetta efni er fengið úr bókinni: Talað mál eftir Margréti Pálsdóttur.

ÍSLENSKA STAFRÓFIÐ

GUNNAR ÞORRI

A Á B D, Ð E É
F G H I, Í J K.
L M N O, Ó og P
eiga þar að standa hjá.

R S T U, Ú V næst
X Y Ý, svo Þ Æ Ö.
Íslenskt stafróf er hér læst
í erindi þessi skritin tvö.

Gunnar Pálsson, Þórarinn Eldjárn

Hér vantar nokkra
bókstafi í stafrófið!
Hvaða stafir eru það?
(C), (Q), (W), (Z) og auk
þess tvíhljóðin.

Heimildir

GUNNAR ÞORRI

Bragi. 18. september 2002. http://www2.hu-berlin.de/bragi/b0/b0_framburdur.htm
http://www2.hu-berlin.de/bragi/b5/b5stafir_og_hljod.htm#a
<http://www2.hu-berlin.de/bragi/index.htm>. [Sótt 18. september 2002].

Jón Gíslason og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. 1991. *Málnotkun. Íslenska fyrir útlendinga*. (9. prentun 2003). Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Margrét Pálsdóttir. 1994. *Talað mál*. Mál og menning, Reykjavík.

Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir. [Án árs]. *Íslenska: Lykill að starfinu. Námsfni fyrir erlent starfsfólk í heilbrigðisþjónustu*. Námsflokkar Reykjavíkur, Reykjavík.

Sölvi Sveinsson. 2001. *Íslensk málsga*. Iðunn, Reykjavík.

Auk þess eru nokkrar myndir sem eru fengnar með tölvu minni í gegnum Víðnetið stóra í veröldinni og víðar.

10 Símtal

Hlustið á, segið og æfið framburð, skrifið það sem vantar í samtalið og leiklesiði:

- Ég: Halló.
 Þú: Góðan daginn.
 Ég: Hvað heitir þú?
 Þú: Ég heiti
 Ég: Hvernig skrifar þú það, viltu stafa nafnið þitt fyrir mig?
 Þú:
 Ég: [ENDURTAKA OG SEGJA NAFNIÐ] Þakka þér fyrir. Bless.
 Þú: Takk sömuleiðis og bless.



11 Framburður hljóða. Æfingar

LESTUR, HLUSTUN OG TALAD MÁL

1	2	3	4	5
gra →	gras	gramur	gramsa	gramm
gre	gref	greni	grennd	gresja
gri	grip	gripur	grisja	grind
grí	grín	gríma	gríns	grísir
gro	grobba	grobba	grobba	grotna
gró	gró	Grótta	gróska	gróa
gru	grun	grund	gruna	grufla
grú	grús	grútur	grúska	grúa
grau	graut	grautar	grautur	gaur
græ	græn	græða	grænka	græska
grey	greyið	Greipur	gráta	grein
grö	gröf	grös	gröftur	grömm
grá	grár	Grýla	gráta	grét
gré	grét	Gréta	Grétar	grétu
gry	gryfja	grynna	grynningar	gryfjur
grý	grýta	grýttur	Grýla	grýlur

12 Mælt mál. Prófaðu að segja

Segðu/lestu þessar setningar, eftir að hafa hlustað á þær:

Gréta grettir sig og grætur.

Grísinn er grár og grimmur.

Hver grætur grikk?

Grasið er grænt og bara nokkur grömm.

Þorir þú að grafa nautið?

Gróu grunar að áin sé orðin mjög grunn.

IV. Sofðu unga ástin mín

Hlustaðu á, lestu ljóðið, prófaðu að syngja það og æfðu framburð

Sofðu, unga ástin mín,

- úti regnið grætur.

Mamma geymir gullin þín,

gamla leggi og völskrín.

Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.



Það er margt, sem myrkrið veit,

- minn er hugur þungur.

Oft ég svarta sandinn leit

svíða grænan engireit.

Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,

seint mun best að vakna.

Mæðan kenna mun þér fljótt,

meðan hallar degi skjótt,

að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

Sofðu unga ástin mín eftir Jóhann Sigurjónsson

13 Æfing. Íslenskir bókstafir

Skrifaðu orð sem hafa þessa bókstafi í íslensku máli og lestu upphátt!

Í = _____	ð = _____
í = _____	á = _____
ú = _____	ý = _____
Ú = _____	Gr = _____
ö = _____	Br = _____
Ö = _____	ll = _____
æ = _____	L = _____
Æ = _____	l = _____
þ = _____	rr = _____
Þ = _____	ff = _____

14 Framburður hljóðasambanda. Æfingar

LESTUR, HLUSTUN OG TALAD MÁL

Taktu eftir að **stutt sérhljóð** og **langt samhljóð** (*tvöfalt*) er **táknað með VC: td. epp í seppi eða yss í kyssa** (og þá eru skrifuð tvö samhljóð, *tvöfalt*), en **langt sérhljóð** og **stutt samhljóð** með **V:C td. is í kisa og et í seti. Það heyrir vel ef hlustað er eftir því hver mismunurinn er.**

Þegar tveir samhljóðar eru skrifaðir í íslensku er meginreglan sú að sérhljóðaatkvæðið á undan er stutt. Til dæmis hesturinn, setti, kyssa

Hlustið á orðin, undirstrikuðu hljóðin, skrifið viðkomandi hljóðasamband á rétta línu og orðin á strikið og segið orðin, lesið orðin og endurtakið oft, metið framfarir:

	VC:	V:C	orð
1. fir <u>r</u> a	_____	_____	_____
2. fi <u>t</u> a	_____	_____	_____
3. Ra <u>g</u> gi	_____	_____	_____
4. ra <u>k</u> i	_____	_____	_____
5. se <u>t</u> ti	_____	_____	_____
6. se <u>t</u> i	_____	_____	_____
7. ki <u>s</u> a	_____	_____	_____
8. ky <u>s</u> sa	_____	_____	_____
9. li <u>t</u> a	_____	_____	_____
10. li <u>f</u> a	_____	_____	_____



SKRIFA

15 Auðveldari íslensk hljóð

ÆFÐU ÞIG AÐ LESA ORÐIN, eftir að hafa hlustað á þau. Endurtaktu aftur og aftur:

grafa	krafa	skrafa			
blaut	braut	graut	skraut		
beið	greið	leið	seið	skeið	skreið
brá	frá	grá	hrá	krá	strá
ör	örn	örva	örfoka	öfgar	öflug
GGGrrríííssinnnnnn	eeerrr	gggrrrráááárrrr.	→ Grísinn er grár.		
GGGrrraaaaasssiíiððð	eeerrr	gggrrrææææænnnttt.	→ Grasið er grænt.		

Hér er gáta, spurning (og svar) sem þú getur spurt næsta mann!

GÁTA?

SPURNING?

Hver er sá veggur víður og hár,
vænum settum röndum,
gulur, rauður, grænn og blár,
gerður af meistarahöndum?

Regnboginn

16 Orðapúsl 1

Búðu til setningar með þessum orðum og mundu að setningar (málsgreinar) byrja oftast á stórum staf og enda á punkti. Eins og í fyrsta dæmi:

unga	Sofðu	ástin	mín.
------	-------	-------	------

Sofðu unga ástin mín.

mín	frábær.	er	Tölván
-----	---------	----	--------


er	Regnboginn	fallegur.
----	------------	-----------

nemandi.	er	Ég
----------	----	----

kennari.	Þú	ert
----------	----	-----

Kennarinn	okkur	íslensku.	kennir
-----------	-------	-----------	--------

læra	Ég	íslensku	vil
------	----	----------	-----



SKRIFA



Púsla saman orðum

➤ 13 - LAUSN. Skrifu og lesu orð með íslenskum bókstöfum

Mörg önnur orð eru hugsanleg

Í = Ísland	ð = eða, eðal, aðal
í = ís, íbúi	á = ás, ánægð(ur)
ú = armbandsúr, nýbúi	ý = ýmist, ýmsir, ýlfur
Ú = Úsbeki, Úlla	Gr = Greinir. Gras. Gráta.
ö = öreigi, öll, öl, ömurlegt, ökli	Br = Brauð. Brandur.
Ö = Örn, Örnólfur	ll = áll, ell, gull, öll.
æ = æð, æði, æska, æsingur	L = Lísu, Laufey, Lúlli.
Æ = Æska, Æsa,	l = lítil, mál, land, lesa.
þ = þora, þorra, þorn, þyrnir	rr = Þorri, Orri, arra, urra
Þ = Þyrnirós, Þorri, Þorkell, Þór	ff = eff, offara,

➤ 14. - LAUSN. Framburður hljóðasambanda.

	VC:	V:C	orð
1. firra	irr		firra
2. fita		it	fita
3. Raggi	agg		Raggi
4. raki		ak	raki
5. setti	ett		setti
6. seti		et	seti
7. kisa		is	kisa
8. kyssa	yss		kyssa
9. lita		it	lita
10. lifa		if	lifa

17 Orðapúsl 2

Raðaðu þessum orðum í rétta setningu:

heiti Ég Kertasníkir.


vil tala íslensku. Ég

auðvelt Íslensku er að læra svona.

Íslenska tungumál. skemmtilegt er

Glæra

1



V.

Tölustafir

Glæra

2

GUNNAR ÞORRI

Tölur



0 = núll
 1 = einn, ein, eitt
 2 = tveir, tvær, tvö
 3 = þrír, þrjár, þrjú
 4 = fjórir, fjórar, fjögur
 5 = fimm
 6 = sex
 7 = sjö
 8 = átta
 9 = níu
 10 = tíu



2

Mundu að það fer eftir

málfræðilegu kyni fylgiorðsins

hvaða mynd orðsins er notuð,

dæmi:

einn karl

ein kona

eitt barn

Glæra

3

GUNNAR ÞORRI

Litlar tölur

11 = ellefu
 12 = tólf
 13 = þrettán
 14 = fjórtán
 15 = fimmtán
 16 = sextán
 17 = sautján
 18 = átján
 19 = níttján
 20 = tuttugu





Hvað kemur síðan á eftir

tuttugu?

Tuttugu og einn

tuttugu og tveir

osfrv...

18 Kennitala

Ef einhver spyr þig: **Hver er kennitalan þín?** Kennitala er alltaf 10 tölustafir.
Hvað er þitt svar? Athugaðu að kennitala segir hvenær þú ert fædd/ur.

TIL DÆMIS: 241201-7329 = tveir fjórir einn tveir núll einn sjö þrír tveir níu

TÖLUSTAFIR: _____


BÓKSTAFIR: _____

Glæra

4

GUNNAR ÞORRI

Stærri tölur



30 = þrjátíu
35 = þrjátíu og fimm
40 = fjórtíu
41 = fjórtíu og einn
50 = fimmtíu
60 = sextíu
70 = sjötíu
80 = áttatíu
90 = nítíu
100 = (eitt) hundrað
200 = tvö hundruð
500 = fimm hundruð
1000 = (eitt) þúsund

4

Glæra

5

GUNNAR ÞORRI

Stærstu tölurnar

100.000 = (eitt) hundrað þúsund
200.000 = tvö hundruð þúsund
1000.000 = (ein) milljón
2000.000 = tvær milljónir
255 = tvö hundruð fimmtíu og fimm
257 = tvö hundruð fimmtíu og sjö
3250 = þrjú þúsund tvö hundruð og fimmtíu
1800.000 = ein milljón og átta hundruð þúsund
1000.000.000 = (einn) milljarður



5

Svo eru til óteljandi margar
tölur!


Glæra

6

GUNNAR ÞORRI

Beyging töluorða

	kk.	kvk.	hk.		kk.	kvk.	hk.
nf.	einn	ein	eitt	nf.	tveir	tvær	tvö
pf.	einn	eina	eitt	pf.	tvo	tvær	tvö
pgf.	einum	einni	einu	pgf.	tveim(ur)	tveim(ur)	tveim(ur)
ef.	eins	einnar	eins	ef.	tveggja	tveggja	tveggja



6

Glæra

7

GUNNAR ÞORRI

Beyging töluorða

framhald

	kk.	kvk.	hk.		kk.	kvk.	hk.
nf.	þrír	þrjár	þrjú	nf.	fjórir	fjórar	fjögur
pf.	þrjá	þrjár	þrjú	pf.	fjóra	fjórar	fjögur
pgf.	þrem(ur)	þrem(ur)	þrem(ur)	pgf.	fjórum	fjórum	fjórum
ef.	þriggja	þriggja	þriggja	ef.	fjögurra	fjögurra	fjögurra



Glæra

8



Raðtölur

1. = fyrsti	10. = tíundi	30. = þrítugasti
2. = annar	11. = ellefti	40. = fertugasti
3. = þriðji	12. = tólfti	50. = fimmtugasti
4. = fjórði	13. = þrettándi	60. = sextugasti
5. = fimmti	14. = fjórtándi	70. = sjötugasti
6. = sjötti	15. = fimmtándi	80. = áttugasti
7. = sjöundi	16. = sextándi	90. = nítugasti
8. = áttundi	17. = sautjándi	100. = hundraðasti
9. = níundi	18. = átjándi	1000. = þúsundasti
	19. = nítjándi	2000. = tvö þúsundasti
	20. = tuttugasti	

Taktu eftir punktinum á eftir tölunni! Sá punktur gerir töluna að raðtölu! Mjög algengt að sé notað í dagsetningum, eins og: 12. janúar. Og hvað kemur síðan á eftir 20. tuttugasti? Tuttugasti og fyrsti = 21. tuttugasti og annar = 22. osfrv.



19. verkefni. Hvaða tölustafir eru þetta?

Skrifaðu númerið á línurnar, hlustaðu á tölustafina og lestu:

- | | |
|-----------------------------------|--|
| a) Tveir = _____ | g) Eitt þúsund fjögur hundruð og fjórir = _____ |
| b) Tuttugu = _____ | h) Ein milljón og sex hundruð þúsund og fimm = _____ |
| c) Þrjátíu og sjö = _____ | i) Einn milljarður fjögur hundruð og sautján = _____ |
| d) Nítjándi = _____ | j) Fimmtíu og sex = _____ |
| e) Hundrað sjötíu og þrír = _____ | k) Sextíu og níu = _____ |
| f) Átján = _____ | l) Átjándi = _____ |

➤ 16 og 17 - LAUSN. Setningapúsl 1 og 2


Sofðu unga ástin mín. Tölvan mín er frábær. Regnboginn er fallegur. Ég er nemandi. Þú ert kennari. Kennarinn kennir okkur íslensku. Ég vil læra íslensku. Ég heiti Kertasníkir. Ég vil tala íslensku. Íslensku auðvelt að læra svona. Íslenska er skemmtilegt tungumál.

_____ Rétt _____ Rangt

VI. Klukkan

Hvað er klukkan?

Klukkan / Hún er nákvæmlega (akkúrat, á slaginu) tólf



Hvað er klukkan núna?

Klukkan hvað byrjar
kennslutíminn?

Hvenær er tíminn búinn?

Hvað er klukkan?

Hvað er klukkan? Geturðu sagt mér hvað klukkan er?

eitt



tvö



þrjú



Hún er þrjú

Klukkan er hálf eitt



Klukkan er hálf tvö



Klukkan / Hún er tíu mínútur í þrjú

Klukkuna / Hana vantar tíu mínútur í þrjú



Klukkan / Hún er fimm mínútur yfir tólf

Klukkan / Hún er fimm mínútur gengin í eitt



Klukkan / Hún er korter (fimmtán mínútur) yfir tíu

Klukkan / Hún er korter (fimmtán mínútur) gengin í ellefu



Klukkan / Hún er rúmlega tólf



Klukkan / Hún er tæplega (alveg að verða) tólf









Þessi síða um klukkumár er úr bók eftir Jón Gíslason og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. (2003.) *Málnotkun. Íslenska fyrir útlendinga*.

20 Hvað er klukkan?

Hvað er klukkan? Klukkan er ...



Skrifaðu í kassana:



Rétt


Rangt

21 Orð í kassa 8

matar	×	líla	sælgæti	uppvottalögur	sulta	ferskjur	dósir	
innkaupakarfa			morgunkorn	kjöt	hveiti	fiskur	kaffi	klósettrúllur
kirsuber		súkkulaði	flöskur	hjólaakarfa	ananas	hindber		sólber
appelsína		sítróna	vínber	hindber	ostur	þvottaefni		budda
afgreiðslukassi			gúrka	afgreiðsluborð	innkaupapoki			peningar
grænar	baunir	blaðselja	paprika	laukur	hvítkál			kartöflur

Í búðinni

matarolía



22 Orðaleikur

Bættu sk ... framan við ... óli og úr verður skóli

Bættu skr ... framan við ...eyta og úr verður _____

Bættu s ... framan við ...unna og úr verður _____

Bættu sk ... framan við ...essa og úr verður _____

Bættu sk ... framan við ...ip og úr verður _____

Bættu s... framan við ...andur og úr verður _____

Bættu s... framan við ...und og úr verður _____

_____ Rétt _____ Rangt
_____ Rétt _____ Rangt

➤ 19 - LAUSN:


- a) 2
- b) 20
- c) 37
- d) 19.
- e) 173
- f) 18

- g) 1404
- h) 1600005
- i) 1000000417
- j) 56
- k) 69
- l) 18.


➤ 20 - LAUSN:

Hvað er klukkan?


Klukkan er ...




Tíu mínútur í sjö




Hálf þrjú




Tuttugu mínútur í fimm



Klukkan er korter í þrjú



Fimm mínútur í þrjú



Tuttugu og fimm mínútur í tvö

Spurningar um tíma og hátíðir

ÍSLENSKA FYRIR INNFLYTTJENDUR

7

Tími

- ◆ Hvað er klukkan?
- ◆ Hvaða dagur er í dag?
- ◆ Bíddu aðeins!
- ◆ Andartak
- ◆ Viltu bíða?
- ◆ Veistu hvenær íslensku tíminn byrjar?
- ◆ Til hamingju með afmælið!
- ◆ Gleðileg jól
- ◆ Gleðilega páska






➤ 22 - LAUSN. ORÐALEIKUR

- Bættu sk ... framan við ... óli og úr verður skóli
